

1953 til greiðsludags og kr. 8.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 53/1959. **Niels Jörgensen**

gegn

**Gregers Kappel og
borgarfégetanum í Reykjavík.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávisun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Kærð er dómsákvörðun Þorsteins S. Thorarensens, fulltrúa borgarfégeta í Reykjavík.

Með dómi bæjarþings Reykjavíkur í víxilmáli, er upp var kveðinn 7. marz 1959, var varnaraðilja Gregers Kappel dæmt að greiða sóknaraðilja, Niels Jörgensen, tiltekna fjárhæðir innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins. Dómurinn var birtur Gregers Kappel 14. marz 1959.

Sóknaraðili sendi borgarfégeta afrit af dóminum með bréfi, dags. 24. marz 1959. Í bréfinu er þess getið, að varnaraðili Gregers Kappel hafi pantað far með flugvél, sem fara eigi til Þýzkalands 27. marz 1959. Af þeim sökum kveðst sóknaraðili krefjast þess, að fégeti leggi farbann á nefndan varnaraðilja samkvæmt 2. tölulið 8. gr. laga nr. 18/1949 til tryggingar því, að unnt verði að gera aðför í eignum hans, þegar aðfararfresti ljúki hinn 29. marz 1959.

Kýrsetningarmálið var tekið fyrir í fégetadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu lögreglustjóra hinn 25. marz 1959. Krafðist fégeti tryggingar af sóknaraðilja vegna farbannskröfunnar, en umboðsmaður sóknaraðilja taldi ekki skylt að setja tryggingu. Lýsti fégeti þá þeirri ákvörðun sinni, að hann mundi ekki framkvæma kýrsetn-

ingargerðina, nema sett væri trygging, að fjárhæð kr. 15.000,00. Umboðsmaður sóknaraðilja kærði þá þegar ákvörðun fógeta til Hæstaréttar samkvæmt 4. tölulið 198. gr. laga nr. 85/1936, og barst Hæstarétti kæran 4. apríl 1959. Krefst sóknaraðili þess, að hrundið verði framan- greindri ákvörðun fógeta um fétryggingu og varnaraðiljunum, Gregers Kappel og borgarfógetanum í Reykjavík, svo og lögreglustjóranum í Reykjavík verði dæmt að greiða kærumálskostnað in solidum. Það athugast, að heimildarlaust er að bera fram kröfur á hendur lögreglustjóra í kærumáli þessu, og verður því ekki sinnt kröfu um kærumálskostnað, að því er til hans tekur.

Frá varnaraðilja hafa Hæstarétti ekki borizt neinar kröfur né greinargerð.

Í ódagsettri greinargerð sóknaraðilja, sem barst Hæstarétti 4. apríl 1959, er því lýst, að varnaraðili Gregers Kappel sé enn hér á landi, og með því að aðfararfrestur samkvæmt bæjarþingsdóminum sé liðinn, muni þess ekki lengur verða krafizt af fógeta, að hann framkvæmi kyrrsetningargerðina. Kveður sóknaraðili sig ekki skipta máli, hver verði úrslit kærumáls þessa í Hæstarétti, að öðru leyti en því einu, að hann vilji fá úr því skorið, hvort fógetinn hafi farið rétt að.

Með því að sóknaraðili hefur samkvæmt framansögðu ekki lengur neinna lagahagsmuna að gæta í kærumáli þessu, ber að vísa því frá Hæstarétti. Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

Það athugast, að fógeta bar að kveða upp sjálfstæðan úrskurð í samræmi við ákvæði 2. og 3. málsg. 190. gr. laga nr. 85/1936, en eins og málið liggur nú fyrir, eru ekki efni til að vísa því heim í hérað til uppkvaðningar úrskurðar.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður falli niður.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Hinn 7. marz 1959 var varnaraðilja Gregers Kappel með dómi bæjarþings Reykjavíkur dæmt að greiða sóknaraðilja, Niels Jørgensen, víxilskuld, kr. 7.913,37, ásamt vöxtum og kostnaði innan 15 daga frá birtingu dómsins. Var dómurinn birtur Gregers Kappel 14. marz 1959.

Með bréfi 24. marz 1959 sendi sóknaraðili borgarfégetanum í Reykjavík endurrit af dóminum og krafðist þess, að fégeti legði samkvæmt 2. tl. 8. gr. laga nr. 18/1949 farbann á varnaraðilja Gregers Kappel, sem pantað hafði flugfar til Þýzkalands 27. marz 1959, til tryggingar því, að unnt yrði að gera aðför í eignum hans að loknum aðfararfresti hinn 29. marz 1959.

Þá er málið kom til meðferðar í fégetadómi 25. marz 1959, lýsti fégetinn því, að hann teldi eigi heimilt að lögum að framkvæma kyrrsetningargerðina, nema sett yrði trygging, að fjárhæð kr. 15.000,00. Umboðsmaður sóknaraðilja, sem er löglærður, kvaðst þá kæra þessa ákvörðun til Hæstaréttar í því skyni, að henni yrði hrundið, og barst Hæstarétti kæran 4. apríl 1959.

Umboðsmanni sóknaraðilja var rétt, er hann vildi eigi hlíta fétryggingu, að krefjast formlegs úrskurðar fégeta um framgang kyrrsetningargerðarinnar, þótt fétrygging hefði eigi verið sett, sbr. 190. gr. laga nr. 85/1936, og áfrýja síðan úrskurði fégeta samkvæmt 4. tl. 198. gr. sömu laga, ef úrskurðurinn gekk á móti honum. Hinni óformlegu yfirlýsingu mátti sóknaraðili því aðeins skjóta til Hæstaréttar sem réttarneitun, að fégeti hefði neitað að kveða upp formlegan úrskurð, en eigi er hin minnsta ástæða til að ætla, að til slíkrar réttarneitunar af hendi fégeta hefði komið.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, er málskotið löglaust, og ber því þegar af greindum ástæðum að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kröfur hafa eigi borizt frá varnaraðilja, og fellur því málskostnaður niður.

D ó m s o r ð :

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 50/1959. **Bragi Sigurbergsson**

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bragi Sigurbergsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 29. apríl 1959.

Nr. 51/1959. **Jóhannes Jósefsson**

gegn

Karólínu Jósefsson

og til réttargæzlu

Péttri Daníelssyni og

Ragnari Guðlaugssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhannes Jósefsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200,00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefndu, Karólínu Jósefsson, sem hefur sótt dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 1.500,00 í ómaksbætur að viðlagri aðför að lögum.